



NMI-umsögn nr.: U11-07

Gildistímalok: 30. september 2014

- UMSÖGN -

- Vörulýsing:** Fráveiturör úr pólývínýlklóríði, PVC-U, gerð A með styrktum rörvegg og frauð í miðju; til nota niðurgráfin innan- sem utanhúss, táknað með "UD"; þvermál 110 – 500 mm; hringstífniflokkar SN 4 og SN 8.
- Vöruheiti:** **Poliplast PVC-U pipes with structured wall (foamed core).**
- Umsagnarhafi:** Borgarplast hf., Völuteigi 31A, 270 Mosfellsbæ.
- Framleiðandi:** Polioplast Sp. z o.o., ul. Energetyczna 6, 56-400 Olesnica, Pólandi.
- Erl. staðfesting:** 1. Vottorð, dags. 24. júní 2011, Product Certificate no. 10 0680 V/AO, sem staðfestir samræmi við staðalinn (ÍST) EN 13476-2, útgefið af Institute for Testing and Certification, Inc. (ITC), Tékklandi, sjá fylgiskjal. 2. Prófunarskýrsla, dags. 24. júní 2011, Final Test Report, no. 7935 00938/2011, frá ITC, Tékklandi.

Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 8. gr. ákvæða til bráðabirgða. 2. Byggingarreglugerð, nr. 441/1998, 3. gr. og 120. gr. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingar-vörur, nr. 431/1994, 3. og 12. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar


- Varan skal vera merkt heiti sínu eða auðkenni framleiðanda og vöru; staðsetningu verksmiðju; númeri framleiðslustaðals; framleiðsluári og -mán.; efni sem varan er gerð úr (PVC-U); notkunarmerkingu (UD); stærð (DN-mál); og hringstífniflokki (SN).
- Umsögn þessi nær einungis til vöru sem er auðkennd eins og fram kemur hér að ofan.
- Gengið er út frá að ofangreint vottorð og skýrsla séu afrit af upprunalegum skjölum ITC, sem aftur á móti hafi viðeigandi réttindi til vottunar og prófunar.
- Ekki liggja ekki fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir fráveitulagnaefni, en 188. og 196. gr. byggingarreglugerðar fjalla um fráveitulagnir.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum lagnaefnisins og skilyrðum við notkun þess, sem hann tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli og prófunarskýrslu ITC, skal ekki ofgert við það álag, sem búast má við þar sem lagnaefnið er staðsett.
- Í staðli (ÍST) EN 476 er krafa til fráveitulagnaefnis um: (1) að það henti fyrir samfellt rennsli vatns við 45 °C fyrir þvermálsstærðir DN ≤ 200 mm eða við 35 °C fyrir DN > 200 mm; og (2) skammtímaþol við prófun með síendurteknu rennsli við 95 °C í eina mínútu í senn.
- Æskilegt er að tækniupplýsingar framleiðanda um vöruna séu aðgengilegar á íslensku.


UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum erlendum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umrædd vara brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem fráveiturör.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur: 16. september 2011


Rögnvaldur S. Gíslason,
vottunarstjóri.


Jón Sigurjónsson,
yfirverkfræðingur.

FYLGISKJAL: Vottorð frá ITC, Tékklandi (ein bls.).